

**AUGLÝSING****frá forsætisráðuneytinu.**

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 19. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 21. nóvember 2002.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000,  
um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „16.500 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 17.500 kr.

2. gr.

Í stað „593 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 664 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Árni M. Mathiesen.*